

Heiti áfanga: DANS3CC05

Titill: Dansk samfélag og menning

Prep: 3

Kennsla: Kennt er 4 klukkustundir á viku. Áfanginn er kenndur bæði á haustönn og vorönn.

Staða áfanga: Kjarnaáfangi á málabraut en valáfangi á öðrum brautum.

Undanfari: DANS2BB05/DANS2BK05

Stutt lýsing á efni áfangans: Menntun og skólar í Danmörku og hvaða möguleikar liggja þar. Blaðagreinar, smásögur, ljóð, stuttmyndir, kvikmynd, ævintýri og skáldsaga. Örkyningar á færeysku, norsku og sænsku. Efni frá Færeyjum og Grænlandi og í tengslum við það unnið með þjóðernisvitund.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Kennslan er miðuð við C1 samkvæmt evrópsku tungumálamöppunni.

Unnið með efni áfangans í þemavinnu. Áherslan er á tali og ritun og miðar áfanginn að því að nemendur tileinki sér fjölbreytta texta og orðaforða, fjalli um þá munnlega og skriflega, taki afstöðu og rökstyðji mál sitt.

Í áfanganum er gerð krafa um að nemendur geti unnið sjálfstætt bæði í einstaklings- og hópvinnu.

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi. Verkefni eru metin jafnóðum og þar af leiðandi er ekkert lokapróf í áfanganum. Mæting gildir sem hluti af lokaeinkunn og er 90% lágmarksmæting.

Námsefni: Afhent af kennara.